

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir ^{1863.} vesturumdæminu, um frest með borgun fyrir korn. 10. septbrm.

Í bréfi 10. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hafi sent yður þrjár bænarskrár frá þrem hreppum þar í sýslunni: Staðarsveit, Nes-hrepp innan Ennis og Nes-hrepp utan Ennis, um að þeim annaðhvort verði öldungis upp gefin skuld sú, sem þeir standa í fyrir nokkuð af rúgi, er þeir fyrrum höfðu fengið af láns-korninu, sem svo er kallað, eður að minnsta kosti borgunar-fresturinn verði lengdur; hafið þér og skýrt frá, að þér hafið ritað sýslumanni, að þér ekki gætuð veitt hreppum þessum lengri frest með borgun þess parts af skuldinni og þeirra vaxta af henni, sem greiðast átti í fyrra haust, en til loka nóvembermáu. þ. á.

Um þetta efni skal yður hère með kunnngjört, til þess þér hagið yður þareptir, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, er þér hafið lagt á bænarskrár þessar, og skorar jafnframt á yður að senda hingað á síðan skýrslu um, hvort hreppar þessir á þeim tíma, sem nú var greint, hafi borgað þenna áfallna hluta skuldar sinnar ásamt því, sem þá á enn fremur að borga af skuldinni sjálfri og í vöxtu af henni.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir ^{11. septbrm.} vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Friðriks Friðrikssonar og fráskilinnar konu hans og barna hennar.

Í skjali nokkru, er hingað kom með bréfi yðar, herra amtmaður, 30. marzm. þ. á., hefir Páll Guðmundsson, hreppstjóri í Reykhóla hrepp í Barðastrandarsýslu, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin breyti úrskurði, er þér kváðuð upp 8. d. ágústm. 1861, en eptir honum eiga þau Friðrik Friðriksson og fráskilin kona hans Kristín Jónsdóttir og börn hennar sveitarframfærslu í áðurgreindum hrepp, ef þau verða þurfandi sveitarstyrks, og

1863.
11. septbrm. skal hreppur þessi þaraðauki skyldur að endurgjalda Árneshreppi og Hrófbergshreppi í Strandasýslu það, sem til telst að greitt hafi verið úr sveitarsjóðum þessara hreppa sem bráðabirgðarstyrkur til uppeldis Friðrik Friðrikssyni og hyski hans.

En með því dómsmálastjórnin, eptir öllum þeim skýrslum, sem fram eru komnar um málefni þetta, í öllum aðalatriðunum verður að fallast á þær ástæður, sem úrskurður yðar er byggður á, þá skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að úrskurður þessi skal óraskaður standa.

18. septbrm. **77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að setja Þorvald Jónsson, kandídat í læknisfræði, fyrir héraðslækni í hinu nyrðra lækni-héraði vesturumdæmisins.**

Með bréfi 25. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt frá Jóni jústizráði Hjaltalín, landlækni á Íslandi; er í því beðið um, að Þorvaldur Jónsson, einn af læknisefnum þeim, er nema hjá honum læknisfræði, og ætlar í yfirstandanda mánuði að ganga undir próf það, er fyrirskipað er með konungsráskurði 29. ágústm. f. á., verði settur héraðslæknir í nyrðra lækni-héraði vesturumdæmisins, og fái full laun og önnur hlunnindi, þau er embættinu fylgja; hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess, að eptir því, sem yfirmaðurinn yfir frakknesku herskipunum við Ísland og foringinn fyrir hinu danska herskipi St. Thomas, hafi skýrt yður frá, sèu íbúar héraðs þessa án allrar lækni-hjálpar þegar sjúkdómar koma uppá, með því læknum í syðra lækni-héraði vesturumdæmisins sè með öllu ómögulegt að láta í tæ nokkra hjálp nema einstökusinum syðst í héraðinu; hafið þér því mælt fram með bænarskránni, en jafnframt því tekið fram, að Þorvaldur verði að hafa staðizt próf það, sem að ofan er nefnt, áður en tekið verði í mál að setja hann í embættið.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að af þeim ástæðum,